

Takk hreinlæti ehf.
6212973259
Draghálsi 18-26
Reykjavík 110
Ísland

30. apríl 2026
UOS-4097

Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf, dags. 19. febrúar 2026 þar sem stofnunin stöðvaði markaðssetningu vörunnar Júgursmyrsl m/joði tímabundið í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013. Varan inniheldur virka efnið joð, sem samþykkt hefur verið í áhættumati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 3. Þar sem varan inniheldur aðeins samþykkt virkt efni og fullyrt er um sötthreinsandi virkni hennar bæði á vefsíðu Takk hreinlætis ehf. og í öryggisblaði vörunnar þarf varan markaðsleyfi svo heimilt sé að bjóða hana fram á markaði. Í tölvupósti dagsettum 3. mars 2026 staðfesti Takk hreinlæti ehf. að sala vörunnar hefði verið stöðvuð og póstur sendur á endursöluaðila um að taka vöruna úr sölu.

Í eftirfylgni málsins upplýsti Takk hreinlæti ehf. að varan hafi verið keypt frá innlendum birgi og sett í nýjar umbúðir og markaðssett af Takk hreinlæti ehf. undir vöruheitinu Júgursmyrsl m/joði. Í samskiptum sínum við bæði fyrirtækin áréttaði Umhverfis- og orkustofnun að þar sem Takk hreinlæti ehf. hefði sett vöruna í nýjar umbúðir, merkt hana sér og markaðssett undir nýju vöruheiti teldist hún ný vara í skilningi laga og að Takk hreinlæti ehf. bæri ábyrgð á markaðssetningu og merkingum hennar.

Þann 26. mars tilkynnti Takk hreinlæti ehf. stofnuninni að þeirra úrbætur væru að framvegis verði hvorki fullyrt í öryggisblaði vörunnar né á vefsíðu fyrirtækisins að Júgursmyrsl m/joði hafi sötthreinsandi virkni. Markaðssetning vörunnar yrði þá í fullu samræmi við markaðssetningu aðkeyptu vörunnar. Stofnunin samþykkti þær úrbætur og óskaði eftir uppfærðu öryggisblaði og merkimiða, sem staðfesti að bætt hafi verið úr öðrum frávikum. Þann 20. apríl sendi fyrirtækið stofnuninni mynd af nýjum merkimiða til notkunar á umbúðum vörunnar ásamt nýju öryggisblaði, sem stofnunin hefur samþykkt sem fullnægjandi úrbætur.

Í ljósi framangreinds er tímabundin stöðvun á markaðssetningu vörunnar Júgursmyrsl m/joði ekki lengur í gildi frá og með 30. apríl 2026. Málinu telst lokið.

Gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við beitingu þvingunarúrræða að upphæð 85.792 kr. verður innheimt samkvæmt 22. gr., sbr. 1. gr., gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1033/2025.

Bréf þetta verður birt á vefsetri Umhverfis- og orkustofnunar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til stofnunarinnar með rökstuðningi fyrir 7. maí 2026.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir
Sviðsstjóri

Þorgrímur Kári Snævarr
Lögfræðingur